

Fundargerð – Stjórn Eyglóar ehf.

Þriðjudagurinn 26. ágúst 2025 kl. 10:00

Fundinn sátu: Hildur Sólveig Sigurðardóttir varaformaður, Páll Magnússon og Njáll Ragnarsson stjórnarformaður sem jafnframt ritar fundargerð. Sömuleiðis Víðir Þorvarðarson framkvæmdastjóri félagsins.

Sigurjón Örn Lárusson, fjármálastjóri Vestmannaeyjabæjar sat fundinn undir 1. lið.

Dagskrá:

1. Ósk til bæjarráðs um viðauka

Fjármálastjóri Vestmannaeyjabæjar kynnti drög að viðauka vegna breyttra forsendna í rekstri félagsins. Ekki var gert ráð fyrir tekjum enda gert ráð fyrir að félagið yrði selt í upphafi árs en salan gekk ekki eftir þar sem Samkeppniseftirlitið gerði athugasemdir við aðdraganda sölunnar. Að sama skapi hefur fallið til kostnaður sem m.a. til kominn vegna vinnu við útboð og samningagerð vegna sölu á félaginu.

Viðaukinn er fjármagnaður með rekstrarafgangi félagsins.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir samhljóða að óska eftir því við bæjarráð að samþykkja viðauka fyrir félagið.

2. Staða mála hjá lögmanni félagsins

Stjórnarformaður upplýsti um fund hans með lögmanni félagsins um þau mál sem hann hefur til meðferðar f.h. félagsins.

Niðurstaða:

Stjórn þakkar upplýsingarnar.

3. Ársreikningur félagsins fyrir árið 2025

Fyrir fundinum lá ársreikningur félagsins fyrir árið 2024 sem unninn er af KPMG ásamt skýrslu stjórnar en reikningurinn var kynntur stjórn 30. apríl sl.

Niðurstaða:

Stjórn samþykkir samhljóða ársreikninginn með þeim breytingum á skýrslu stjórnar sem ræddar voru á fundinum.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl. 10:30.